

## Fundargerð

### 190. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 26. nóvember 2013 kl. 14<sup>15</sup>–14<sup>50</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Frumvörp
- (3) Tillögur hagræðingarhóps
- (4) Ársfundur Úrvinnslusjóðs
- (5) Rekstur janúar til október 2013
- (6) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (189. fundar).

#### 2. Frumvörp

Lögð var fram á fundinum upplýsingar um stöðu frumvarpa. Þar kom fram að ríkisstjórn Íslands mun væntanlega fjalla um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs í dag 26. nóvember. Í því eru tillögur að breyttu fyrirkomulagi við meðhöndlun raftækjaúrgangs og að færa umsjón úrgangsflokksins undir Úrvinnslusjóð.

#### 3. Tillögur hagræðingarhóps

Lagðar voru fram á fundinum tillögur hagræðingarhóps ríkistjórnar Íslands. Þar er tillaga merkt 106 og snertir Úrvinnslusjóðs. „Unnið verði að sameiningu stjórnsýslustofnana á sviði umhverfismála, þ.e. Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar og Úrvinnslusjóðs. Umfang og verkefni verði endurskoðuð og sameinuð stofnun verði hreinræktuð stjórnsýslustofnun“.

#### 4. Ársfundur Úrvinnslusjóðs

GGP upplýsti að ársfundur Úrvinnslusjóðs verður fimmtudaginn 5. desember kl. 13:30 – 16:30. Þá fjallar gestafyrirlesari, Svein Erik Rødvik frá Grønt Punkt Norge, um söfnun flokkun og endurvinnslu plastumbúða frá heimilum í Noregi.

#### 5. Rekstur sjóða janúar til október 2013

Lagt var fram á fundinum yfirlit um rekstur sjóða Úrvinnslusjóðs frá janúar til október 2013. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

## **6. Önnur mál**

Nýr þjónustuaðili við meðhöndlun spilliefna. Gámaþjónusta Norðurlands ehf. Hlíðarvöllum, 603 Akureyri, hefur sótt um að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun spilliefna samkvæmt skilmálum ÚVRS-01-2009.

*Samþykkt.*

Næsti fundur ákveðinn 3. desember 2013.

Fundi slitið kl 14:50